

GBS - BETA HEMOLYTISKIR STREPTOKOKKAR AF GRÚPPU B Á MEÐGÖNGU

ICD-10 greiningar:

B95.1 GBS sýking

O23.1 Sýking í þvagblöðru á meðgöngu

O23.9 Sýking í kynvegi á meðgöngu

ALMENNT

GBS finnst í leggöngum og/eða ristli hjá 10-30% barnshafandi kvenna á hverjum tíma. Oftast leiðir GBS baktería á þessum stöðum ekki til sjúkdóma. Í sumum tilvikum getur GBS baktería þó orsakað einkennalaus sýklamigu, blöðrubólgu, chorioamnionit, sýkingu í legi eftir fæðingu eða sýkingu hjá nýbura. Ekki er víst að kona með GBS í byrjun meðgöngu hafi bakteríuna í leggöngum eða ristli í lok meðgöngu eða öfugt. Á Íslandi er ekki er mælt með almennri skimun fyrir GBS meðal allra barnshafandi kvenna. Svipaðar ráðleggingar eru á hinum Norðurlöndunum og á Bretlandseyjum en víða annars staðar eru aðrar ráðleggingar.

GBS BERI

Kona sem greinist með GBS í þvagi, leggöngum eða endaparmi á meðgöngu telst GBS beri. Greiningin er skráð í mæðraskrá. Ekki er þörf á frekari staðfestingu á bakteríunni í lok meðgöngu.

Kona sem var GBS beri á fyrri meðgöngu eða meðgöngum telst ekki GBS beri nema hún greinist aftur á núverandi meðgöngu. Barnshafandi konum með fyrri sögu um GBS er boðin sýnataka 3-5v. fyrir áætlaðan fæðingadag. Sýni er tekið við 35-37 vikna meðgöngu nema í tvíburameðgöngu við 32-34 vikur. Ef sýnið er jákvætt telst konan GBS beri. Ef sýnið er neikvætt er forspárgildi 95-98% um áframhaldandi neikvætt sýni næstu 5 vikurnar. Þær sem þannig greinast neikvæðar þurfa ekki sýklalyfjameðferð í fæðingu.

GBS Í ÞVAGI

Einkennalaus barnshafandi kona sem greinist með GBS sýklamigu sem nær ekki marktækum vexti, þ.e. vöxtur <100þús/ml þarf ekki sýklalyf á meðgöngu. Ef ræktun í tvígang staðfestir marktækan vöxt þ.e. ≥ 100 þús/ml. er mælt með sýklalyfjameðferð. Meðferð er m.a. til að koma í veg fyrir nýrnasýkingu. GBS blöðrubólga með einkennum er meðhöndluð eins og aðrar blöðrubólgur. Ekki er mælt með sérstöku eftirliti síðar á meðgöngunni nema einkennum gefi ástæðu til þess.

SÝKLALYFJAGJÖF TIL FORVARNA GBS Í FÆÐINGU

Ábendingar *

- GBS beri í núverandi meðgöngu
- Kona hefur áður fætt barn sem var greint með GBS sýkingu eftir fæðingu
- Kona í fyrirburafæðingu < 37v
- Kona sem fær hita í fæðingu

Tilgangur meðferðar er að koma í veg fyrir snemmkomna (innan viku frá fæðingu) GBS nýburasýkingu. Meðferð fækkar snemmkomnum nýburasýkingum um allt að 86%. Með áhættumati og meðferð má ætla að um 15-18% fæðandi kvenna fái sýklalyf í æð. Penicillin er kjörlyf við GBS hjá konum sem eru ekki með ofnæmi fyrir penicillini. Sýklalyfjameðferð í fæðingu kemur ekki í veg fyrir síðkomna nýburasýkingu.

GBS greining er ekki frábending fyrir belgjalosun eða vatnsfæðingu en hinsvegar er GBS greining frábending fyrir heima-fæðingu.

*Skv. Gæðahandbókum fæðingastaða.